

1928

Mánudaginn 2. desember 1991.

Nr. 185/1991. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Borgþóri Gústafssyni

(Páll A. Pálsson hrl.),

Jónasi Birgi Magnússyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.) og

Val Benjamín Bragasyni

(Örn Clausen hrl.).

248. gr. alm. hgl. Fjársvik. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1991 að ósk ákærðu og einnig af hálfu ákærvaldsins, að því er þá varðar, til þyngingar á refsingu. Fjórði maður, X, sem sakfelldur var í héraðsdómi, hefur ekki óskað áfrýjunar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærðu og greiðslu sakarkostnaðar, en refsing þeirra þyngd. Ákærði Borgþór Gústafsson krefst þess, að refsing sín verði milduð og gæsluvarðhaldsvist metin henni til frádráttar. Ákærðu Jónas Birgir Magnússon og Valur Benjamín Bragason krefjast aðallega sýknu í málinu, en til vara þess, að refsing verði milduð og refsivist skilorðsbundin.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu ákærvalds og ákærða Borgþórs, að ekki væri óskað endurskoðunar á ákvæði héraðsdóms um skaðabótakröfu í málinu. Kemur það ákvæði því ekki til álita, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Í hinum áfrýjaða dómi er greinargóð lýsing á málavöxtum, að því er varðar þann lið ákærunnar, sem beint var gegn ákærða Borgþóri og X sameiginlega, enda hafði hinn síðarnefndi krafist

sýknu. Varðandi aðra ákæruliði er málavaxtalýsing stuttur og einkum byggð á vísan til verknaðarlýsingar í ákæruskjali og játninga ákærðu fyrir dómi. Skortir nokkuð á, að hún sé nógu ýtarleg.

Í máli þessu er ákærða Borgþóri gefið að sök að hafa svikið út vörur í einni rafbúnaðarverslun og fimm byggingarvöruverslunum í Reykjavík og Kópavogi í alls átta ferðum þangað dagana 18. og 19. janúar, 16., 22. og 23. febrúar og 5. mars 1990. Skýrslur ákærða fyrir lögreglu gefa til kynna, að hann hafi á þessum tíma verið djúpt sokkinn í óreglu, er byrjað hafi skömmu eftir að honum var veitt reynslulausn 16. desember 1989 undan hluta af 15 mánaða refsivist samkvæmt fimm dómum sakadóms Reykjavíkur árin 1988 og 1989. Kveður hann atferli sitt tengt þeirri óreglu og til þess framið að afla reiðufjár vegna kostnaðar af henni. Ákærði var handtekinn 17. mars 1990 í kjölfar kæru frá einni verslananna, og sat hann í gæsluvarðhaldi til 23. s.m.

Svik ákærða Borgþórs voru í því fólgin, að hann gerði kaup á vörum í eigin nafni gegn því að greiða fyrir þær með skuldabréfi til nokkurra mánaða, er hann gaf út sjálfur án þess að ætla sér að greiða skuldina og vitandi um, að hann hefði ekki getu til þess. Í síðasttöldu ferðinni var það þó Sæmundur Þór, sem taldist kaupandi að vörunni og gaf út skuldabréf hennar vegna. Í einni versluninni fékk ákærði og vöruna afhenta gegn loforði um að koma aftur og ganga frá greiðslu.

Á útsöluverði til ákærðu nam verðmæti þeirrar vöru, sem málið tekur til, samtals 955.528 krónum, þegar frá eru taldar samtals 32.000 krónur, sem greiddar voru á staðnum í tveimur ferðanna. Við ráðstöfun á vörunum til annarra öfluðust um 310.000 - 360.000 krónur í reiðufé, eftir því sem ráða má af skýrslum ákærðu. Er þá frá talin sú verslunarferð, sem ákærði Jónas Birgir stóð að, en vörur úr henni ætlaði hann til eigin nota.

Ákærði Borgþór játaði greiðlega skipti sín við verslanirnar, þegar rannsókn hófst á málinu. Upplýsingar frá honum og öðrum ákærðu um ráðstöfun á vörunum leiddu og til þess, að unnt var að hafa upp á mestum hluta þeirra. Ákærði Valur Benjamín hefur sjálfur greitt upp eitt af skuldabréfum Borgþórs, eins og um getur í héraðsdómi. Meiri hlutinn af þeim vörum, er ákærði Jónas Birgir tók við,

var enn í geymslu á hans vegum, þegar hald var lagt á þær 28. mars 1991, og var unnt að skila þeim aftur í hlutaðeigandi verslun. Í öðrum tilvikum hafa verslanirnar fengið tjón sitt bætt með skilum á vörunum eða með greiðslum frá þeim, er tóku við vörunum til nota, þegar frá er talið það raftæki, sem skaðabótakrafan í málinu tekur til.

Ákærði Borgþór hefur viðurkennt þær sakir, sem á hann eru bornar í ákæru, og eru brot hans réttilega talin varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Sýknukrafa ákærða Vals Benjamíns er á því byggð, að hann hafi einungis viðurkennt þann verknað, sem lýst er í liðum 1 og 2 í III. kafla ákæruskjals. Hins vegar geti hin samandregna verknaðarlýsing og skilgreining í inngangi ákæruskjalsins ekki átt við sig, og sé verknaður sinn ranglega talinn til fjársvika samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga. Varði hann fremur við 254. gr. eða 4. mgr. 22. gr. laganna, en ekki verði sakfelld samkvæmt þeim ákvæðum, eins og ákæru sé háttað. Gögn málsins gefa til kynna, að ákærði Borgþór hafi mjög reitt sig á atbeina ákærða Vals Benjamíns við framkvæmd þeirra tveggja brota, sem þeim eru sameiginlega gefin að sök. Í öðru tilvikinu hafði ákærði Valur Benjamín útvegað kaupanda fyrir fram að þeirri vöru, sem út var tekin, og í hinu tilvikinu fór hann með ákærða Borgþóri í hlutaðeigandi verslun og lét flytja vöruna heim til sín auk þess að vinna þar að sölu á henni. Verður að telja hann beinan þátttakanda í þeim fjársvikum, er framin voru, þannig að brot hans varði við 248. gr. laganna.

Sýknukrafa ákærða Jónasar Birgis er reist á svipuðum sjónarmiðum. Ekki er upplýst, að félagsskapur hans við ákærða Borgþór hafi náð lengra, svo að máli skipti, en til þeirrar verslunarferðar, sem þeir fóru í sameiningu. Á hinn bóginn var ferðin skipulögð með hagsmuni ákærða Jónasar Birgis fyrir augum, og réð hann því, hvaða vörur voru keyptar. Verður hann því einnig talinn brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Borgþór á að baki nær samfelldan brotaferil í hartnær áratug, einkum á sviði auðgunar- og umferðarlagabrota. Ber að tiltaka refsingu hans með hliðsjón af 72. gr., 255. gr., 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun hennar er rétt að líta til þess, að hann hefur á árinu 1990 afplánað að fullu alla refsivist,

sem fyrrnefnd reynslulausn náði til, svo og 30 daga refsivist samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur 30. apríl 1990, sem til er vitnað í héraðsdómi. Þá ber og að líta til þriggja dóma sakadóms frá árinu 1991, þar sem honum er gerð samtals 6 mánaða refsivist fyrir brot gegn umferðarlögum og 30 daga refsivist fyrir auðgunarbrot samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga. Brot hans í máli þessu voru framin af eindregnum ásetningi og ollu talsverðu umróti, en voru auðveld í framkvæmd, og tjón af þeim varð minna en á horfð-ist í byrjun. Að öllu athuguðu telst refsing hans í málinu hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuðir.

Ákærði Jónas Birgir á að baki nokkur auðgunar- og umferðarlagabrot, sem framin voru, meðan hann var um eða innan við tvítugsaldur. Hefur hann ekki verið sakfelldur fyrir lögbrot síðan á árinu 1984, en hann er nú tæpra 27 ára að aldri. Brot hans í máli þessu er einskorðað við þá verslunarferð, sem fyrr greinir. Tjón af því varð óverulegt, þar sem unnt var að skila mestum hluta vörunnar. Refsing hans telst hæfilega ákveðin í héraðsdómi, fangelsi 4 mánuði, en rétt þykir með hliðsjón af fyrrgreindum atvikum að fresta fullnustu hennar 3 ár, enda haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða Vals Benjamíns er einnig hæfilega ákveðin í héraðsdómi, fangelsi 6 mánuði. Með tilliti til þeirra atvika, sem um getur í héraðsdómi, þykir mega fresta fullnustu hennar að hluta, eins og þar er á kveðið.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði verjendum sínum málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti, 45.000 krónur til hvers þeirra.

Annar áfrýjunarkostnað málsins greiði ákærði Borgþór að 2/3 hlutum og hvor hinna ákærðu að 1/6 hluta, þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði Borgþór Gústafsson sæti fangelsi 12 mánuði. Frá refsingunni dregst 6 daga gæsluvarðhald.

Ákærði Jónas Birgir Magnússon sæti fangelsi 4 mánuði, en

fullnustu þeirrar refsingar er frestað, og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Valur Benjamín Bragason sæti fangelsi 6 mánuði, en fullnustu 3 mánaða af refsingunni er frestað, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Borgþór greiði Smith & Norland hf. 52.277 krónur ásamt almennum innlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. maí 1990 til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði Borgþór greiði verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 45.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Ákærði Jónas Birgir greiði verjanda sínum, Hilmari Ingi-mundarsyni hæstaréttarlögmanni, 45.000 krónur í málsvarnar-laun fyrir Hæstarétti.

Ákærði Valur Benjamín greiði verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 45.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Ákærði Borgþór greiði 2/3 hluta annars áfrýjunarkostnaðar, en hvor hinna ákærðu 1/6 hluta, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. febrúar 1991.

Ár 1991, föstudaginn 1. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 44-47/1991: Ákærvaldið gegn Borgþóri Gústafssyni, Jónasi Birgi Magnússyni, X og Val Benjamín Magnússyni, sem dómtekið var 22. janúar 1991.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. október 1990, á hendur ákærðu „fyrir fjársvik með því að hafa tímabilið janúar-mars 1990 tekið út vörur í ýmsum verslunum í Reykjavík, nema annar

staður sé nefndur, án þess að hafa í hyggju eða möguleika á að greiða fyrir þær í raun og fyrir fram búnir að afla sér kaupenda að vörunum eða ákveðnir í að selja þær öðrum og ná þannig rekstrarfé, en fyrir vörurnar létu þeir af hendi verðlaus skuldabréf, sem þeir gáfu út sjálfir, í flestum tilvikum ákærði Borgþór, en án annarrar raunverulegrar ábyrgðar, þar sem ákærðu, sem undirrituðu, eru eignalausir menn.

I.

Ákærða Borgþóri er einum gefið að sök að hafa með framangreindum hætti sviðið út vörur, sem hér greinir nánar:

1) Hinn 18. janúar hjá Smith og Norland, Nóatúni 4, frystiskáp fyrir 62.900 kr. Innborgun ákærða var 12.000 kr., og var kaupsamningur með fyrirvara um eignarrétt og skuldabréf, sem ákærði undirritaði, að fjárhæð 52.277 kr., þegar kostnaði hafði verið bætt við. Ákærði hafði aflað sér kaupanda að skápnunum fyrir fram og seldi strax fyrir 25.000 kr. að eigin sögn. (RLR 2357-90.)

2) Hinn 16. febrúar hjá Hústré, Ármúla 38, gólfefni fyrir 84.000 kr. Ákærði gaf út skuldabréf, að fjárhæð 87.108 kr. með kostnaði. Á bréfið skrifaði einnig bróðir hans, Gústaf Gústafsson, sem ábyrgðarmaður, en hann er eins og ákærði ekki borgunarmaður fyrir skuldinni. Ákærði seldi strax vöruna Grétari Karli Þorsteinssyni, fyrir 38.000 kr. (RLR 2360-90.)

3) Hinn 23. febrúar hjá Eldhúshorninu, Suðurlandsbraut 20, gólfefni fyrir 165.475 kr. Ákærði gaf út skuldabréf, að fjárhæð 170.108 kr. með kostnaði. Ákærði hafði fyrir fram aflað sér kaupanda og seldi strax ásamt vöru, sem nefnd verður í næsta tölulið, fyrir samtals 100.000 kr. (RLR 2362-90.)

4) Sama dag hjá Smiðjubúðinni, verslun Ofnasmiðjunnar hf., við Háteigsveg, gólfefni fyrir 72.886 kr. Engin peningagreiðsla og ekkert skuldabréf var útbúið við afhendingu vörunnar, sem ákærði seldi strax, samanber næsta tölulið hér á undan. (RLR 2363-90.)

II.

Ákærðu Borgþóri og Val Benjamín er gefið að sök að hafa í félagi með framangeindum hætti sviðið út vörur sem hér greinir:

1) Hinn 19. janúar hjá Metró, Álfabakka 16, gólfefni og verkfæri fyrir samtals 203.771 kr. Ákærði Borgþór skrifaði undir kaupsamning með fyrirvara um eignarrétt og skuldabréf, að fjárhæð 209.992 kr. með kostnaði. Ákærði Valur tók vöruna heim til sín og útvegaði strax kaupanda, sem greiddi 90.000 - 100.000 krónur, sem skiptust milli ákærðu. (RLR 2358-90.)

2) Hinn 22. febrúar hjá Bústofni, Smiðjuvegi 6, Kópavogi, hurðir, „gerefti“ og fataskáp fyrir 99.889 kr. Ákærði Borgþór skrifaði undir kaup-

samning með fyrirvara um eignarrétt og skuldabréf, að fjárhæð 83.089 kr., þegar bætt hafði verið við kostnaði, 3.200 kr., og dregin frá peningagreiðsla, 20.000 kr. Ákærði Valur Benjamín hafði kaupanda fyrir fram, Grétar Karl Þorsteinsson, og greiddi hann ákærðu fyrir vöruna 45.000 kr., en 20.000 kr. af þeim fóru til verslunarinnar sem innborgun, og nutu ákærðu þess saman, sem eftir var. (RLR 2361-90.)

III.

Ákærðu Borgþóri og Jónasi Birgi er gefið að sök að hafa 19. janúar hjá Metró, Álfabakka 16, í félagi með framangreindum hætti svikið út ýmsar vörur, loftplötur, baðker, vask o.fl., fyrir alls 81.167 kr. Ákærði Borgþór skrifaði undir kaupsamning með fyrirvara um eignarrétt og skuldabréf sömu fjárhæðar, en vöruna hreppti ákærði Jónas Birgir alla, þar sem hann stóð í húsbýggingu og hugðist greiða ákærða Borgþóri sinn hlut með áfengi síðar. (RLR 2358-90.)

IV.

Ákærðu Borgþóri og X er gefið að sök að hafa 5. mars hjá Eldhúshorninu, Suðurlandsbraut 20, í félagi með framangreindum hætti svikið út gólfefni fyrir samtals 217.440 kr. Ákærði X gaf út skuldabréf, að fjárhæð 223.528 kr. með kostnaði. Ákærði Borgþór hafði gengist í að afla kaupenda fyrir fram, en þeir urðu tveir og greiddu ákærðu samtals 75.000 kr., annar 40.000 kr. og hinn 35.000 kr., og nutu ákærðu fjárens saman. (RLR 2365-90.)

Teljast framangreindir verknaðir ákærðu allra varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar svo og ákærði Borgþór til greiðslu skaðabóta”.

Málavextir.

1.

Ákærði Borgþór hefur viðurkennt að hafa sviksamlega haft af fyrirtækinu Smith & Norland hf. frystiskáp, að verðmæti 62.900 krónur. Greiddi ákærði 12.000 krónur inn á skápinn, en gaf út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum, sem hann ætlaði sér ekki að standa skil á. Seldi ákærði skápinn strax fyrir 25.000 krónur.

Ákærði hefur með þessu brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

Að kröfu fyrirtækisins ber að dæma ákærða til þess að greiða því 52.277 krónur ásamt almennum innlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989, frá 23. maí 1990 til greiðsludags.

1935

2.

Ákærði Borgþór hefur viðurkennt að hafa sviksamlega haft af fyrirtækinu Hústré gólfefni, „parket“, að andvirði 84.000 krónur. Greiddi ákærði fyrir efnid með skuldabréfi, að fjárhæð 87.108 krónur, sem hann ætlaði sér ekki að standa skil á. Seldi ákærði efnid strax fyrir 38.000 krónur.

Ákærði hefur með þessu orðið brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga.

3.

Ákærði Borgþór hefur viðurkennt að hafa sviksamlega haft af fyrirtækinu Eldhúshorninu gólfefni, „Tarket“, undirlag, lím og góflista, að andvirði 165.475 krónur. Greiddi ákærði fyrir efnid með skuldabréfi, að fjárhæð 170.108 krónur, sem hann ætlaði sér ekki að standa skil á. Seldi ákærði efnid strax langt undir kaupverði.

Ákærði hefur með þessu orðið brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga.

4.

Ákærði Borgþór hefur viðurkennt að hafa haft sviksamlega út úr Smiðjubúðinni, verslun Ofnasmiðjunnar hf., gólfefni, að andvirði 72.886 krónur. Ákærði greiddi hvorki fyrir efnid né ætlaði hann sér það, og seldi hann það strax langt undir kostnaðarverði.

Ákærði hefur með þessu orðið sekur um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

5.

Ákærðu Borgþór og Valur Benjamín hafa viðurkennt að hafa í félagi og sviksamlega haft af versluninni Metró gólfefni og verkfæri, að andvirði 203.771 krónu. Ákærði Borgþór greiddi fyrir varninginn með skuldabréfi, að fjárhæð 209.992 krónur, sem ekki stóð til að greiða, en ákærði Valur seldi varninginn strax fyrir 90-100.000 krónur, sem ákærðu skiptu með sér.

Hafa ákærðu með þessu orðið sekir um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

6.

Ákærðu Borgþór og Valur Benjamín hafa viðurkennt að hafa haft í félagi og sviksamlega af versluninni Bústofni hurðir, „gerefti“ og fataskáp, alls að andvirði 99.889 krónur. Greiddu ákærðu 20.000 krónur út í hönd, en Borgþór gaf út skuldabréf fyrir eftistöðvunum, að fjárhæð 83.089 krónur, sem ekki stóð til að greiða. Ákærði Valur Benjamín útvegaði

kaupanda, sem keypti varninginn fyrir 45.000 krónur. Hafa ákærðu með þessu orðið brotlegir við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Valur Benjamín hefur greitt upp skuldabréfið.

7.

Ákærðu Borgþór og Jónas Birgir hafa viðurkennt að hafa í félagi og sviksamlega haft af versluninni Metró vörur, þ. á m. loftplötur, baðker og vask, fyrir andvirði 81.167 króna. Ákærði Borgþór gaf út skuldabréf fyrir andvirði varningsins, sem ekki stóð til að greiða, en Jónas Birgir tók við vörunum og notaði í eigin þágu.

Ákærðu hafa með þessu orðið sekir um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

8.

Ákærði Borgþór hefur játað sök í málinu og skýrt frá því hjá rannsóknarlögreglu, að meðákærði X hafi frétt af fjársvikum sínum úr verslunum og sagst vilja vera með í þessu. Sjálfur kveðst ákærði hafa verið farinn að óttast, að nafn sitt væri orðið of þekkt af þessu og því hefði orðið úr, að X héldi þessu áfram í eigin nafni, en ákærði sæi um að selja varninginn. X hefði hringt í verslunina Eldhúshornið samkvæmt ábendingu sinni og pantað 50 fermetra af „parketi“. X hefði svo farið í verslunina og gengið frá kaupunum og gefið út skuldabréf. Þeir hefðu svo látið Eðvarð Kristjánsson bifreiðarstjóra, sem ákærði hefur oft skipt við, flytja efnið í geymslu á Kleppsvegi 60 hjá konu, sem Ída heiti. Ákærði kveðst hafa verið búinn að útvega kaupanda að helmingnum af efninu á Kleppsvegi 60, og hafi hann fengið Eðvarð til þess að aka því til kaupandans, en þeir X hafi sjálfir borið gólflistana þangað. Hafi þeir þrír borið efnið inn í hjólageymslu hússins að beiðni kaupandans, sem hafi greitt þeim 40.000 krónur með tveimur tékkum, 19.000 og 20.000 krónur og 1.000 króna seðli. Hafi þeir skipt þessu með sér og X þegið 20.000 króna tékkann, en greitt sér 5-6.000 krónur til baka. Þeir hafi svo selt afganginn af efninu um kvöldið fyrir 35.000 krónur. Hafi kaupandinn sótt efnið á Kleppsveg 60.

Ákærði hefur sagt hér fyrir dómi, að X hafi sagst geta borgað þetta, þegar til kæmi, því að hann væri að fara á sjóinn. Ákærði segir, að fyrir sér hafi einungis vakað að afla fjár til að geta haldið áfram að drekka. Ákærði segir, að X hafi verið tregur til þess að kaupa þetta efni og talað um, að hann gæti bara borgað þetta sjálfur. Hafi hann sagt, að hann væri hræddur um, að þetta gætu annars verið fjársvik. Ákærði segist hafa farið í símann og pantað efni á nafn X, og hafi X svo farið og sótt það. Ekki hafi þeir X neitt rætt um, hvort eða hvernig þeir skyldu gera upp sín á milli.

Ákærði X hefur neitað sök í málinu. Hefur hann skýrt frá því hjá rannsóknarlögreglu, að hann hafi hitt meðákærða Borgþór heima hjá Ídu

Harðardóttur á Kleppsvegi 60. Hafi Borgþór bedið sig að gefa út skuldabréf fyrir sig, og kveðst ákærði hafa fallist á það. Hafi Borgþór talað um, að hann ætlaði að kaupa gólfefni fyrir bróður sinn, og kveðst ekki hafa spurt út í þetta. Skömmu síðar hafi Borgþór hringt í verslunina og pantað gólfefnið. Ákærði, sem kveðst hafa verið mjög ölvaður, kveðst svo hafa farið með kunningja Borgþórs í greiðabil að versluninni, gefið út um 200.000 króna skuldabréf fyrir efninu og flutt það í greiðabilnum til Ídu og komið því fyrir í kjallarageymslu hennar.

Ákærði kveðst ekki hafa fengið neina greiðslu hjá Borgþóri fyrir þetta, heldur hafi hann gert þetta í greiðaskyni og gegn því, að Borgþór gerði sér síðar greiða á móti. Þá hefur ákærði sagt, að bróðir Borgþórs, sem ákærði veit ekki deili á, hafi átt að greiða bréfið. Hér fyrir dómi hefur ákærði skýrt frá því, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis heima hjá sér að morgni dags, þegar Borgþór hafi hringt í sig og bedið sig að finna sig heima hjá Ídu Harðardóttur á Kleppsvegi 60. Ákærði kveðst hafa tekið leigubíl þangað, enda hefði Borgþór talað um að borga bílinn. Borgþór hafi svo bedið sig að gefa út skuldabréf fyrir sig til þess að kaupa fyrir gólfefni fyrir bróður sinn. Hafi hann talað um, að þetta væru 70.000 krónur. Ákærði kveðst hafa fallist á þetta, enda hefði Borgþór sagst myndu borga þetta. Kveðst ákærði ekkert hafa spurt nánar út í það. Borgþór hafi þá hringt í verslunina og pantað gólfefnið. Ákærði kveðst hafa setið þarna að drykkju í um sex tíma með Borgþóri og hafa verið orðinn nokkuð ölvaður. Kveðst hann svo hafa farið um kl. 16 með sama leigubílsstjóra í greiðabil að versluninni, farið þar inn og gefið út skuldabréf, „löglegt skuldabréf“, eins og hann orðar það, að fjárhæð rúmlega 200.000 krónur. Þeir bílstjórinn hafi svo flutt efnið heim til Ídu, og hafi þeir Borgþór og bílstjórinn tekið efnið inn í húsið.

Ákærði kveðst ekki hafa fengið neina greiðslu fyrir þetta hjá Borgþóri. Kveðst hann hafa gert þetta í greiðaskyni við Borgþór, enda hefði Borgþór sagst vera á svörtum lista, en hann hafi ekkert spurt Borgþór út í það. Ákærði segist ekki hafa vitað, hvort Borgþór eða bróðir hans ætluðu að borga bréfið. Ákærði kveðst ekkert hafa hugsað út í það, að hann þyrfti ef til vill að greiða bréfið, ef Borgþór eða bróðir hans hefðu ekki staðið við sitt. Ákærði tekur fram, að hann hefði borgað bréfið, ef eftir því hefði verið leitað við sig, en hann hefði aldrei verið krafinn um greiðslu.

Meðal gagna málsins er ljósrit af umræddu skuldabréfi, að fjárhæð 223.528 krónur, og hefur ákærði X kannast við það. Þá er upplýst, að efni það, sem ákærði tók út í versluninni, var 50 m² af „Tarket“, jafnstórt undirlag, 35 m gólflistar og 1 lítri af lími, alls að verðmæti 217.440 krónur.

Telja verður þrátt fyrir neitun ákærða X, eins og allt er í pottinn búið, að báðir ákærðu hafi staðið sviksamlega að því að taka út gólfefnið úr

versluninni Eldhúshorninu, enda verður að telja ótrúverðugar viðbáur ákærða X, sem er síbrotamaður með stopular atvinnutekjur. Fram er komið hjá honum, að hann ætlaði sér ekki að greiða af skuldabréfinu og að honum hefur hlotið að vera ljóst, að meðákærði ætlaði sér það ekki heldur. Hafa þeir með þessu orðið sekir um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög, sakarkostnaður.

Ákærði Borgþór hefur til þessa hlotið 13 varðhalds- og fangelsisdóma, aðallega fyrir hegningarlagabrot. Auk þess hefur hann fjórum sinnum verið sektaður fyrir ýmisleg brot. Þykir refsing hans, sem er hegningarauki við 30 daga fangelsisdóm, hæfilega ákveðin fangelsi 15 mánuði. Er þá höfð hliðsjón af því, að ákærði hefur greiðlega játað brot sín. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist ákærða í sex daga.

Ákærði Jónas Birgir hefur til þessa verið dæmdur fjórum sinnum fyrir hegningarlagabrot, síðast 1984. Þá er þess að geta, að ákærði var sektaður og sviptur ökuréttindum fyrir ölvunarakstur í mars 1990. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi fjóra mánuði.

Kærði X hefur til þessa verið dæmdur 13 sinnum fyrir hegningar- og umferðarlagabrot. Þá hefur hann verið sektaður nokkrum sinnum fyrir ýmisleg brot. Þykir refsing ákærða, sem er hegningarauki við sex mánaða fangelsisdóm, vera hæfilega ákveðin fangelsi þrjá mánuði.

Ákærði Valur Benjamín hefur til þessa hlotið fjóra skilorðsdóma fyrir hegningarlagabrot, síðast 1987. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi sex mánuði. Rétt þykir, þar sem hann hefur ekki rofið tveggja ára skilorð síðasta dóms og auk þess bætt að hluta fyrir brot sitt, að fresta fullnustu þriggja mánaða af refsingunni og ákveða, að hún falli niður að liðnum þremur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Borgþór greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni, 40.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði X greiði verjanda sínum, Hilmarí Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 45.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði Valur Benjamín greiði verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 45.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærðu greiði annan sakarkostnað í þessum hlutföllum: ákærði Borgþór að 5/8 hlutum, en hver hinna að 1/8 hluta.

D ó m s o r ð:

Ákærði Borgþór Gústafsson sæti fangelsi 15 mánuði. Frá refsingunni dregst sex daga gæsluvarðhald.

Ákærði Jónas Birgir Magnússon sæti fangelsi fjóra mánuði.

Ákærði X sæti fangelsi þrjá mánuði.

Ákærði Valur Benjamín Bragason sæti fangelsi sex mánuði. Fullnustu þriggja mánaða af refsingunni er frestað, og fellur sá hluti hennar niður að liðnum þremur árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Borgþór greiði Smith & Norland hf. 52.277 krónur ásamt almennum innlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 23. maí 1990 til greiðsludags.

Ákærði Borgþór greiði verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni héraðsdómsslögmanni, 40.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði X greiði verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hestaréttarlögmanni, 45.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði Valur Benjamín greiði verjanda sínum, Erni Clausen hestaréttarlögmanni, 45.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði Borgþór greiði 5/8 hluta annars sakarkostnaðar, en hver hinna 1/8 hluta.
